



Staða húsnæðisuppbyggingar VEL í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar

Fundur velferðarráðs Reykjavíkurborgar

21. október 2020

Gunnsteinn R. Ómarsson

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða



3. kafli húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar fjallar um húsnæðisuppbyggingu án hagnaðarsjónarmiða. Til húsnæðisuppbyggingar án hagnaðarsjónarmiða fellur öll uppbygging íbúðarhúsnæðis tengd velferðarsviði. Í 1. mgr. 2. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði segir: „Með félagslegu leiguhúsnæði er átt við almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir og þjónustuíbúðir aldraðra.“

- Húsnæði fyrir aldraða /eldri borgara, þ.m.t. þjónustuíbúðir er fjallað um í kafla 3.4
- Húsnæði fyrir fatlað fólk er fjallað um í kafla 3.5
- Almennar félagslegar íbúðir koma fyrir í kafla 3.6 í húsnæðisáætluninni þar sem fjallað er um Félagsbústaði hf. en þar er einnig stuttlega vikið að þjónustuíbúðum
- Húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir kemur fyrir í kafla 3.7

Í febrúar á þessu ári var staða mála varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk kynnt ítarlega fyrir velferðarráði og minnisblað um almennar félagslegar leiguíbúðir og fjárfestingaráform Félagsbústaða var kynnt ráðinu í september. Vikið verður hér á eftir að öllum liðum húsnæðisáætlunarinnar með sérstaka áherslu á húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir.

Nálgunin við framsetningu tölfræðinnar er sú að sýna framboð húsnæðis í hverjum flokki, fjölda á biðlista og úthlutanir á hverju ári. Með þeirri greiningu er betur hægt að sjá hver þörfin er fyrir aukið húsnæði í hverjum flokki. Skýra framtíðarsýn á því að vera hægt að setja inn í húsnæðisáætlun.

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

3.4 Íbúðir fyrir eldri borgara og ný hjúkrunarrými

Reykjavíkurborg vinnur að framgangi uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir eldri borgara í samstarfi við ríkið og félagasamtök. Áætlun um að byggja um 450 íbúðir fyrir eldri borgara miðar vel , í samstarfi við Hrafnistu, Grund, Samtök aldraðra, Félag eldri borgara og ríkið. Reykjavíkurborg hefur beitt sér fyrir byggingu hjúkrunarheimila og fjölgun hjúkrunarrýma í borginni. Hvort tveggja er háð framlögum og samþykki ríkisins.

Á árinu 2020 er stefnt að því að fyrir liggi samningur og samkomulag um byggingu tveggja hjúkrunarheimila með allt að 300 hjúkrunarrými sem áætlað er að byggja 2022- 2025. Nýtt 99 rýma hjúkrunarheimili opnaði 28. febrúar 2020 við Sléttuveg í Reykjavík en það er rekið af Hrafnistu, dótturfélagi Sjómannadagsráðs.

Fjöldi þjónustuíbúða í rekstri Reykjavíkurborgar hefur staðið í stað síðustu ár en fjöldi þeirra í dag er 365:

Þjónustuíbúðir aldraðra í Reykjavík		Fjöldi á biðlista í byrjun september 2020			
Dalbraut 21-27	58	Vesturbær, miðborg og Hlíðar		21	
Furugerði 1	76	Laugardalur og Háaleiti		50	
Fróðengi 1-11	21	Breiðholt		32	
Langahlíð 3	33	Árbær og Grafarholt		14	
Lindargata 57, 61, 64, 66	73	Grafarvogur og Kjalarnes		16	
Norðurbrún 1	59	Samtals		133	
Seljahlíð	45	Úthlutanir pr. ár	2018	2019	08 2020
Alls	365	Fjöldi	65	64	44

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

3.5 Húsnæði fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið tók við málaflokki fatlaðs fólks árið 2011 og enn er verið að vinna úr þeim húsnæðisverkefnum sem tekin voru yfir á þeim tíma. Í eðli sínu eru húsnæðismál langtímaverkefni en áfangaskipt uppbyggingaráætlun vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk gildir frá 2018–2030. Áætlunin byggir á núverandi stöðu biðlista og spá um þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk á komandi árum. Áætlunin gerir ráð fyrir 180-210 nýjum íbúðum fram til ársins 2030, þar af 123-141 íbúð fram til ársins 2025.

137 einstaklingar voru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í byrjun október 2020.

Fjöldi á biðlista í byrjun hvers árs	
2020	144
2019	175
2018	187
2017	161
2016	152
2015	148

- Þrír íbúðakjarnar með samtals 18 íbúðum voru teknir í gagnid árið 2018.
- Tveir íbúðakjarnar með samtals 12 íbúðum voru teknir í notkun 2019.
- Þrír íbúðakjarnar með samtals 18 íbúðum, verða tilbúnir 2020, einn er þegar tilbúinn.
- Sex íbúðakjarnar með 36 íbúðum verða tilbúnir 2021.
- Þrír íbúðakjarnar með átján íbúðum verða tilbúnir 2022.
- Hafin eru kaup á 44 íbúðum fyrir sjálfstæða búsetu með viðeigandi stuðningi.

Fjöldi úthlutana pr. ár

	08 2020	2019	2018	2017	2016	2015
Geðfötlun	14	19	16	6	15	20
Þroskahömlun	25	18	18	4	6	7
Samtals	39	37	34	10	21	27

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

3.6 Félagsbústaðir

Vísað er í minnisblað sem lagt var fyrir velferðarráð og kynnt 16. september sl.

Í húsnæðisáætlun þarf að leggja áherslu á uppskiptingu þeirra flokka sem snúa að velferðarsviði skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Skynsamlegt væri að fjalla um þessa húsnæðisflokka sérstaklega í húsnæðisáætlun en ekki sem eina heild undir Félagsbústöðum.

Í dag eru Félagsbústaðir með 2.728 leigueiningar, þ.a. 2.015 almennar félagslegar íbúðir, 368 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og 345 leigueiningar fyrir fatlað fólk og heimilislausa.

Biðlisti í byrjun september 2020 eftir almennu félagslegu húsnæði

Fjölskyldugerð	1-2 herb.	3 herb.	4 herb. +	Samtals
Einhleypir karlar	329	10	1	340
Einhleypar konur	141	18	0	159
Einstæðir feður	2	4	1	7
Einstæðar mæður	5	29	48	82
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	5	1	0	6
Hjón/sambýlisfólk með börn	1	3	11	15
Samtals	483	65	61	609

ÁÆTLUN UM FJÖLGUN ÍBÚÐA	2015-2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024-2034	Samtals
Áætlun 2016	326			200	526		50	49	625
Raun og endurskoðuð áætlun mars 2020	233	86	112	144	125	133		600	833
Mismunur	93								208

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

3.7 Húsnæði fyrir heimilislausu með miklar og flóknar þjónustur

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustur 2019 -2025 var samþykkt á fundi borgarráðs þann 11. október 2019.

Í stefnunni er horft til skilgreiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á heimilisleysi (European Typology of Homelessness and Housing Exclusion; ETHOS)

Undir ETHOS skilgreininguna falla 13 þættir sem skiptast í fjóra flokka:

- að vera á götunni (rooflessness)
- að vera húsnæðislaus
- að búa í ófullnægjandi húsnæði
- að búa í ótryggu húsnæði

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustur eru einstaklingar sem glíma við margþættan vanda (vímuefna- og/eða geðrænan, þroskafrávik og/eða mikil áföll í lífinu) og búa við óstöðugleika í búsetu til lengri eða skemmri tíma og þarfnast margháttads stuðnings.

Þeir þarfnast sérhæfðrar lágþröskulda þjónustu- og búsetulausna sem felst í að fjarlægja hindranir í þeim tilgangi að auðvelda einstaklingi að nýta sér þjónustuna.

Í vinnu með heimilislausum með miklar og flóknar þjónustur er lögð áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, valdeflingu og að auka og efla sjálfsvirðingu hans.

Unnið skal út frá hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og Húsnæði fyrst (Housing first - HF)

Í stefnunni kemur fram framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustur. Sem dæmi má nefna:

- Að úthlutað verði í 20 smáhús fyrir lok árs 2021
- Að Félagsbústöðum verði falin kaup á níu samliggjandi íbúðum fyrir konur þar sem veitt verði sólarhringsþjónusta
- Að meta þörf á bráðabirgðahúsnæði m.t.t. þarfa heimilislausra kvenna
- Að Félagsbústöðum verði falin kaup á 11 íbúðum sem úthlutað verður með HF þjónustu

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

2020 - Fjöldi umsækjenda á biðlista í upphafi mánaðar (heimilislausir)

Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt
62	61	62	65	64	67	74	74	74	76

Úthlutanir pr. ár	2018	2019	08 2020
Fjöldi	28	21	12

Heimilislausar konur í þjónustu VoR

Sept. 2019	Mars 2020	Ágúst 2020
9	19	32

Húsnæðislausum konum í þjónustu VoR fjölgaði úr 9, 1. september 2019 í 32, 1. ágúst 2020

Einstaklingar sem búa í stakri íbúð og fá þjónustu VoR

Sept. 2019	Mars 2020	Ágúst 2020
6	11	15

Frá september 2019 hefur fjöldi einstaklinga sem búa í stakri íbúð og fá þjónustu VoR teymisins fjölgað úr 6 í 15.

3. Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða



Útgjöld Reykjavíkurborgar vegna málefna heimilislausra

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs íbúðarhúsnæðis fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og fólk með áfengis- og vímuefnavanda nemi árlega um 1.366 m.kr.

Áætlaður heildarkostnaður vegna reksturs íbúðarhúsnæðis fyrir heimilislausra næstu fimm árin er því 6.830 m.kr.

Úrræði fyrir heimilislausra	Áætlun C 2021
Málaflokkur heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir	
H 121	66,689,166
N 74	88,154,936
Vettvangs og ráðgjafarteymi	185,933,205
Samtals	340,777,307
Neyðarskýli	
Gistiskýlið L 48	205,995,665
Neyðarskýlið G 1a	144,693,289
Konukot	72,253,119
Samtals	422,942,073
Áfangaheimili	
M 18	24,708,037
Brautin - S	29,170,283
Áfangaheimili - styrkir	10,682,051
SÁÁ - Vin	28,490,845
SÁÁ samningur	19,000,000
Samtals	112,051,216
Húsnæði fyrir fatlað fólk með vímuefnavanda	
Íbúðakjarni H 79	256,735,848
Herbergjasambýlið M 20	233,462,958
Samtals	490,198,806
Samtals úrræði fyrir heimilislausra	1,365,969,402

